

**REGLUR UM AFSLÁTT AF FASTEIGNASKATTI HJÁ  
SVALBARÐSSTRANDARHREPPI**

## 1. gr.

Reglur þessar um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts eru settar með heimild í 4. og 5. mgr. 5. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og heimildir til lækkunar hans.

## 2. gr.

Rétt til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði samkvæmt reglum þessum eiga tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

- a) Eiga lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsnæði.
- b) Eru 67 ára á árinu eða eldri og/eða hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- c) Falla í einn þeirra tekjuflokka sem kveðið er á um í 5. grein.

## 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær afslátt skv. reglum þessum þótt einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignahluta þeirra.

## 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og veittur í fjórum þrepum; 100%, 75%, 50% og 25%. Við mat á afslætti er miðað við allar skattskyldar tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali, þ.m.t. eign- og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

## 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga

|                        |                                 |                |
|------------------------|---------------------------------|----------------|
| a) með tekjur allt að  | kr. 5.000.000,-                 | 100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 5.000.001,- til 5.512.000,- | 75% afsláttur  |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 5.512.001,- til 6.032.000,- | 50% afsláttur  |
| d) með tekjur á bilinu | kr. 6.032.001,- til 6.760.000,- | 25% afsláttur  |

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk

|                        |                                 |                |
|------------------------|---------------------------------|----------------|
| a) með tekjur allt að  | kr. 6.634.000,-                 | 100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 6.634.001,- til 7.169.000,- | 75% afsláttur  |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 7.169.001,- til 7.704.000,- | 50% afsláttur  |
| d) með tekjur á bilinu | kr. 7.704.001,- til 8.560.000,- | 25% afsláttur  |

## 6. gr.

Verði veruleg breyting á högum umsækjanda, t.d. þegar fráfall maka eða skyndileg örorka hefur í för með sér verulega lækkun heimilistekna, er heimilt að víkja frá ákvæðum 5. gr. varðandi viðmið um tekjur sl. árs.

Jafnframt er heimilt að víkja frá skilyrði um lögheimilisskráningu í allt að þremur árum hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun, enda sé hún áfram í eigu umsækjanda og ekki nýtt af öðrum.

# Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri - 601 Akureyri

## Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru í 4. og 5. mgr. 5. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og heimildir til lækkunar hans, öðlast gildi 1. Janúar 2024. Jafnframt falla úr gildi Reglur um afslátt fasteignaskatta hjá Svalbarðsstrandarhreppi nr. 1396/2019.

Samþykkt á 124. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 28. nóvember 2023.

*Jörunn Tif Hardar*

